

Nd.

102. Frumvarp til laga

[72. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja þjóðjörðina Múlasel í Mýrasýslu.

Flm.: Andrés Eyjólfsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja ábúanda Helgastaða í Hraunhreppi í Mýrasýslu, Gísli Jónssyni, eyðijörðina Múlasel í sama hreppi fyrir verð, sem ákveðið er með mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frv. þessu er lagt til, að bóndanum á Helgastöðum í Hraunhreppi í Mýrasýslu verði gefin heimild til að fá keypta jörðina Múlasel, sem er næsta jörð við Helgastaði og nú í eyði, enda svo að segja húsalaus og túnlítill. Telur ábúandi Helgastaða, Gísli Jónsson, og Friðjón sonur hans, að þeir þurfi mjög á landi jarðarinnar að halda vegna skorts á beitilandi. Til frekari skýringar visast til umsagnar hreppstjóra og hreppsnefndar Hraunhrepps, sem prentaðar eru sem fylgiskjöl með frv. þessu. — Nánar í framsögu.

Fylgiskjal I.

Ég undirritaður umboðsmaður kirkjujarðarinnar Múlasels í Hraunhreppi mæli eindregið með því, að hæstvirt Alþingi leyfi sölu téðrar jarðar til þeirra feðga Gísla Jónssonar og Friðjóns Gíslasonar Helgasöðum.

Múlaselið er bæði lítið og lélegt ábýli, er skortir alla möguleika til ræktunar, og engar engjar. Hins vegar þarf jörðin Helgastaðir nauðsynlega á beitilandi Múlasels að halda fyrir sauðfé. Þar eð lönd téðra jarða liggja saman, er þetta mjög hentugt til afnota og á þann hátt hægt að gera Helgastaði að góðu ábýli, þar eð ræktunarmöguleikar eru þar góðir og engjar sæmilegar.

Hrafnkelsstöðum, 5. október 1951.

Ingólfur Guðbrandsson,
hreppstjóri Hraunhrepps, Mýrasýslu.

Fylgiskjal II.

Þeir feðgar, Gísli Jónsson bóndi á Helgastöðum, og Friðjón Gíslason, Helgastöðum, hafa óskað eftir, að Hreppsnefnd Hraunhrepps mælti með, að Alþingi setti lög, er heimiluðu þeim kaup á jörðinni Múlaseli hér í hreppi.

Múlaselið er metið við síðasta fasteignamat 22 hndr., þar af húsaverð 3 hundruð. Jörðin hefur verið í eyði s. l. 3 ár og hús á henni mjög gengið úr sér, og geta bæjarhús ekki talizt íbúðarhæf. Meðan búið var á jörðinni, gaf túnið af sér tæp 2 kýrfóður. Það er mjög grýtt og erfitt til ræktunar og ekkert af því véltækt. Skilyrði til túnræktar eru þar mjög slæm. Land Múlasels má teljast gott til beitar búpenings, einkum sauðfjár.

Það er ekki líklegt, að Múlaselið byggist aftur, enda ekki ástæða til að hafa það sem sérstaka bújörð.

Lönd jarðanna Múlasels og Helgastaða liggja saman og því mjög hentugt fyrir Helgastaðabændur að hagnýta land Múlasels til beitar, enda beitiland Helgastaða fremur lítið.

Af framansögðu mælir því hreppsnefndin með, að Alþingi heimili sölu á jörðinni.

Einholtum, 3. okt. 1951.

Kjartan Eggertsson.

Sigurður Einarsson.
Guðmundur Pétursson.

Davíð Sigurðsson.